

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP


Apríl 2025

Ánægja með lífið

Nær 85% landsmanna eru ánægð með líf sitt, tæplega 7% eru óánægð og nær 9% hvorki ánægð né óánægð.


Fyrir áratug voru mun færri ánægð með líf sitt, eða 74%, og aðeins færri en það árin á undan.

Ert þú almennt ánægð(ur), óánægð(ur) eða hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) með líf þitt?



Greiningu eftir bakgrunnspáttum má sjá á næstu blaðsíðu.

Eldra fólk er að jafnaði ánægðara með líf sitt en yngra og fólk með meiri menntun er almennt ánægðara með líf sitt en fólk með minni menntun. Þau sem kysu Framsóknarflokkinn ef kosið yrði til Alþingis í dag eru ánægðari með líf sitt en þau sem kysu aðra flokka. Þau sem kysu Sósíalistaflokkinn eru hins vegar óánægðari með líf sitt en þau sem kysu aðra flokka. Ánægja með lífið mælist ekki minni hjá neinum hópi en einhleypum körlum. Aðeins 64% þeirra eru ánægð með líf sitt á móti níu af hverjum tíu körlum sem eru giftir eða í sambúð. Rúmlega 81% einhleypra kvenna er hins vegar ánægð með líf sitt. Þegar mismunandi lífsskeiðshópar eru skoðaðir kemur í ljós að fólk 67 ára og eldra er ánægðast með líf sitt og þar á eftir fólk á aldrinum 46-66 ára sem er í hjónabandi eða sambúð en engin börn undir 18 ára á heimilinu. Fólk á aldrinum 35-66 ára sem býr eitt er óánægðast með líf sitt og þar á eftir fólk á aldrinum 18-45 ára með börn undir 18 ára á heimilinu.



Spurt var:

- Ert þú almennt ánægð(ur), óánægð(ur) eða hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) með líf þitt?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 21. mars til 1. apríl 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.713 og þátttökuhlutfall var 51,9%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvítun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

Ábyrgðarmaður: Jóna Karen Sverrisdóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.